



HAFNARFJÖRÐUR

Fundur Öldungaráðs 17. mars 2021 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson og Magnús Pálsson Sigurðsson.

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi: Elísabet Valgeirsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Heilsueflandi samfélag.

- **Skýrsla starfshóps um Heilsueflingu aldraðra.**

Öldungaráð Hafnarfjarðar fagnar framkominni skýrslu þar sem starfshópurinn hefur að því er best verður séð lagt upp með göfug markmið og áherslur sem eru til fyrirmyndar.

Í kaflanum 3.1.3 *Húsnæði og umhverfi aldraðra* er farið vel yfir velferð eldri borgara til búsetu heima. Þar er eingöngu rætt um húsnæðismál út frá þeim forsendum að einstaklingar eða hjón búi heima sjálfstæðri búsetu sem lengst. Öldungaráð Hafnarfjarðar vill vekja athygli á því að kaflinn þarfnast frekari umræðu og endurskoðunar. Ráðið óskar eftir því að fá á fund ráðsins við fyrsta hentuga tækifæri einhvern úr hópi höfunda til að ræða skýrsluna og kynna það sem býr að baki.

Framangreind búseta á ekki við alla og hefur reynslan sýnt það. Fólk lifir nú lengur og verður því að sama skapi eldra heima. Þrátt fyrir dygga aðstoð heimahjúkrunar, heimaþjónustu til daglegrar fótavistar, sjálfstæðis og sjálfshjálpar og velferðartækninnar sem er í boði eru aðrir mannlegir þættir mörgum erfiðir. Sé um hjón að ræða í sjálfstæðri búsetu verður því miður sá aðilinn sem betri er til heilsunnar svo ábyrgur að hans andlega heilsa getur bugast. Þá þjakar kvíði margan einstaklinginn til að takast á við sjálfshjálp sem hann telur sig ekki færán um. Þetta er því miður að gerast hjá eldra fólki.

Því leggur Öldungaráð Hafnarfjarðar áherslu á að tryggt verði fjármagn til fjölgunar stöðugildum í heimahjúkrun og heimaþjónustu og fjölgað verði búsetuvalkostum þeirra sem eldri eru og efla á þann hátt heilðrænt styðjandi samfélag sem hentar eldri borgurum á efri árum þeim til velferðar og áhyggjulausra ævidaga.

3. Frístundastyrkur aldraðra.

- **Umfjöllun**

Með tilkomu Janusar verkefnisins, hækkun frístundastyrkja því tengdu og hvatningu bæjarins til heilsueflingar íbúa varð bylting á útiveru og ástundun líkamsræktar. Sérstaklega var þetta breyting hjá þeim sem eldri eru með tilkomu hækkun frístundastyrkja.



HAFNARFJÖRÐUR

Eins og fram kemur á minnisblaði frá 11. febrúar 2021 þá hefur eldri borgurum fjölgað mjög sem nýtt hafa sér frístundastyrki í boði Hafnarfjarðarbæjar. Fyrir styrkjum sem veittir voru á árunum 2014-2018 lágu aðrar forsendur. Þá var viðkomandi að sækja námskeið tvisvar í viku sem stóð samfelt í sex vikur til að fá 1.700 kr. í styrk.

Á minnisblaði frá 12. febrúar er sagt frá þjónustu við eldri borgara og fjölda þeirra sem eldri eru í bænum. Til gamans má geta þess að félagsmenn í Félagi eldri borgara í Hafnarfirði eru 1.867 eða tæpur helmingur af fjölda bæjarbúa 65 ára og eldri. Að vísu ber að taka tillit til þess að félagsmenn geta verið 60 ára og eldri.

Félag eldri borgara býður upp á hreyfingu sem tiltekin er á bls. 4 á minnisblaðinu fyrir utan Janusarverkefnið og er sú hreyfing í boði félagsins án frístundastyrks.

Félag eldri borgara er með starfsemi sína í húsnæði sem Hafnarfjarðarbær leigir undir starfsemina, þá greiðir Hafnarfjarðarbær starfsmönnum Hraunsels laun. Þessi þáttur bæjarins er til mikillar fyrirmyndar og ómetanlegur styrkur fyrir starfið. Allt starf félagsins er sjálfsprottið og mjög mikilvægt. Þar leggja félagsmenn fram mikla og óeigingjarna vinnu til að geta boðið upp á sem fjölbreytilegustu afþreyingu s.s Qi gong, Zumba, göngur, spil, bókmenntir, línudans, pílu, pútt og fleira og fleira.

Félag eldri borgara hefur tekið út úr öllum gögnum sem tilheyra starfi félagsins orðið „aldraðir“ og hafa sett orðin „eldri borgari“ í staðinn.

Frístundastyrkurinn er hvetjandi og hefur haft gríðarleg áhrif á bættu heilsu Hafnfirðinga sem ber að þakka.

Önnur mál:

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50